

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og
Kópavogssvæðis

Garðatorg 7 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hhk@heilbrigdiseftirlit.is

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

00.75 PS/ps Garðabær 4. júní 2013

Umsögn um drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis (HHK) hefur haft til umsagnar; „Bráðabirgðayfirlit um mikilvæg atriði í vatnaáætlun, fyrsta skref í gerð vatnaáætlunar (2012), drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands”. Þar er fjallað um flokkun vatns í vatnshlot, vinnu við gerðir vatnshlota og lýsingu á helsta álagi og áhrifum af starfsemi manna á ástand vatns.

Gerð skýrslunnar byggir á lögum um stjórni vatnamála nr. 36/2011. Er henni ætlað að verða fyrsta skrefið í gerð vatnaáætlunar fyrir landið allt þar sem gerð verður grein fyrir flokkun vatnshlota, álagi á vatn, áhættumati, aðgerðaáætlun, vöktunaráætlun, efnahagslegri greiningu vegna vatnsnotkunar, flokkunarkerfi fyrir vistfræðilegt ástand vatns, öðrum áætlunum og samráði við almenning. Að þessari vinnu hafa ýmsar stofnanir komið og til grundvallar þeirri vinnu er notast við bæði vefsjá og gagnagrunnkerfi sem þróað var af Norsku Orkustofnuninni (Norges vassdrags- og energidirektorat).

Samkvæmt lögnum er landið eitt vatnaumdæmi. Því er skipt í fjögur undirsvæði eða vatnasvæði og er efirlitssvæði heilbrigðisnefndar -HK á svæði fjögur (104). Fulltrúi frá heilbrigðiseftirliti hefur starfað í sérstakri nefnd fyrir undirsvæðið. Fulltrúi hefur setið þá fundi sem boðaðir hafa verið í nefndinni, sótt námskeið um vatnatilskipunina sem framför hjá Umhverfisstofnun dagana 22 og 23. apríl s.l. og iðulega veitt umsagnir eða komið með ábendingar um drögin á fyrri stigum.

Höfundar hafa frá upphafi lagt áherslu á samráð og samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og sveitarfélög innanlands og um leið leitað fyrirmunda erlendis þar sem hliðstæð vinna hefur þegar farið fram. Gerð og form draga að stöðuskýrslu ber hvoru tveggja vitni. Ágæt samræming er milli undirsvæða í skýrslunni og einnig innan þeirra. Það er mat HHK að ágætlega hafi tekist til ef haft er mið af þróngum tímaramma og oft frekar rýrum upplýsingum sem höfundar hafa haft úr að moða. Ekki sé tilefni til að hafa uppi ágreining eða gera beinar efnislegar athugasemdir við skýrsluna. Einni ábendingu er þó vert að koma á framfæri. Í köflum er varða álag á vatn vegna þéttbýlis (ibúar og matvælavfyrirtæki) eru töflur þar sem fjallað er um punktlosun. Þar eru m.a. tilteknar fráveitur og ýmiss konar fyrirtæki og starfsemi. Á þann lista mætti bæta við höfnum almennt. Í höfnum fer fram ýmiss konar starfsemi sem getur valdið mengun. Óhöpp við olíuáfyllingar, hreinsun skipa, málningarvinna og ýmiss konar smíða- og viðgerðarvinna. Þá þarf að dýpka hafnir og dýpkunarefni með sínum mengunarefnum er undantekningalítið losað utan hafna á meira dýpi. Allt þetta getur valdið tölverðu álagi á nær svæði hafna án þess að endilega sé hægt að tengja það beint við einstaka lögaðila eða fyrirtæki.

Við skýrsluna er að finna heimildaskrá. Beinar tilvitnanir í heimildir eða tengingar við heimildir eru þó ekki miklar í skýrslunni. Í fljótalestri virkar heimildarskrá nokkuð



tilviljunarkennd. Svo dæmi séu nefnd þá er aðeins tvær greinar eftir Tryggva Þórðarson þó hann hafi skrifað um flest vötn á eftirlitssvæði HHK. Á móti vegur að ýmsar skýrslur eru til sem og gögn á heimasiðum um losun fráveituvatns í móttaka sem ekki er vikið að.

Fyrri umsagnir HHK hafa að mestu einskorðast við þætti og starfsemi innan eftirlitssvæðisins sjálfs. Flestar ábendingar sem gerðar hafa verið hafa skilað sér að fullu inn í skýrsludrögin. Samhliða umsögn þessari verður athygli Umhverfisstofnunar vakin á fáeinum atriðum í texta er mætti betur fara og sem varða eftirlitsvæði nefndarinnar.

F.h. heilbrigðiseftirlits

Páll Stefansson
Páll Stefansson
heilbrigðisfulltrúi

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

00.75 PS/ps Garðabær 4. júní 2013

Minnisblað HHK um drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands

Texti;

Vatnasvæði 4

Yfirlallsútrásir

Í töflu er spurt um yfirlallsútrásir í Hafnarfriði.

Ef ekki berast betri svör frá Hafnarfriði þá eru yfirlallsútrásir:

- a. Út frá dælustöð Herjólfsgötu
- b. Út frá Ósnum, miðlunartanki
- c. Út frá dælustöð við Óseyri
- d. Út frá hreinsistöðinni í Hraunavík

Leiðréttigar fyrir Kópavog.

ATH. Megin útrásir í töflu og líka texta.

Allt skólp frá Kópavogi fer í Ánanaust.

(fyrri ábending um að austasti hlutinn við Elliðavatn fari í Klettagarða er röng. Það voru einhvern tíma áform en varð ekki að veruleika. **Sem sagt ALLT Í ÁNANAUST.**

(Steingrímur Hauksson, forstöðumaður framkvæmdasviðs Kópavogs vakti athygli á þessari rangskráningu fyrr í veturn)

Skipasmíðastöðvar.

Drafnarlippur er með Póstnúmer **220** (ekki 200)

Í Hafnarfirði rekur Vélsmiðja Orms og Víglundar tvær flotkvíar. Það er viðgerðarslippir, ekki skipasmíðastöðvar.

Ef ástæða er til að bæta því fyrirtæki inn þá gæti verið sami texti og hjá Dröfn nema rökstuðningur fyrir álagsmati yrði:

Flotkvíar í Hafnarfjarðarhöfn. Málningar- og viðgerðarstarfsemi á hafnarsvæðum fylgir alltaf ákveðin mengunarhætta, einnig í lokuðum kvíum.

Kveðja Páll.